

16. desember 2010

GJALDSKRÁ

Vegna sorphirðu og förgunar úrgangs í Langanesbyggð.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000. Hún er í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð.

2. gr.

Sorphreinsunargjald.

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Langanesbyggð samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni..

- Íbúðarhúsnæði kr. 13.541
- Lögbýli kr. 13.541

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Langanesbyggð. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs, annað en garðaúrgangur, timbur og spilliefni, sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ársgrunni ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

- Íbúðarhúsnæði kr. 13.541
- Lögbýli kr. 13.541

Sorpeyðingargjald fyrirtækja:

Flokkur	Lýsing	0,25 m3	0,5 m3	0,75 m3	1 m3
101	Blandaður úrgangur til urðunar	500	1000	1500	2000

203	Lífrænn heimilisúrgangur til jarðgerðar	0	0	0	0
204	Lífræn rekstrarúrgangur (fiskislóg)	250	500	750	1000
301	Óflokkað timbur t.d. málað	500	1000	1500	2000
302	Flokkað timbur,hreint ómálað	200	400	600	800
600	Málmar og brotamálmar	0	0	0	0
601	Góðmálmar (Sérsamkomulag)				
398	Bylgjupappi – minna en 1m3	0	0	0	0
398	Bylgjupappi- meira en 2 m3 (Sérsamkomulag)				
603	Múrbrot/gler/flísar/postulín	500	1000	1500	2000
501	Óflokkaður úrgangur sem inniheldur endurvinnanlegan úrgang.	1000	2000	3000	4000

5. gr.

Gjaldtaka þjónustuverktaka.

Gjaldtaka þjónustuverktaka fyrir frístunda- eða atvinnuhúsnæði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingarverð skal aldrei vera hærra en verksamningur tilgreinir.

6. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar þann 9. desember 2010 og staðfest af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra þann 16. desember 2010. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrár um sorphreinsun – og sorpeyðingargjöld frá árinu 2010.

Langanesbyggð, 20. desember 2010.

Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri.

B-deild - Útgáfud.: 20. desember 2010